



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Strætó BS
Hesthåls 14
110 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2021

Efni: Hækkun á árskortum ungmenna

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Strætó bs., hefur nýtt greiðslukerfi vegna strætóferða verið tekið upp, en samhliða því hefur einnig tekið gildi ný gjaldskrá. Samkvæmt hinnu nýju gjaldskrá hefur gjald fyrir árskort ungmenna hækkað verulega, úr 25.000 kr., í 40.000 kr., en um 60% hækkun er um að ræða. Fyrir á þessu ári tilkynnti Strætó bs., að framvegis yrðu strætóferðir gjaldfrjálssar fyrir börn 11 ára og yngri, en umboðsmaður barna fagnaði þeirri breytingu og leit svo á að um fyrsta skref væri að ræða í þá átt að tryggja öllum börnum aðgang að gjaldfrjálsum almenningssamgöngum og þar með mikilvægri þjónustu. Ljóst er þó af ákvörðun Strætó bs. um umrædda hækkun á árskortum ungmenna, að svo er ekki. Börn hafa lengi kallað eftir því að almenningssamgöngur verði gjaldfrjálssar og telja það vera mikilvægt jöfnunartæki sem stuðli að auknum tækifærum fyrir öll börn, auk þess að minnka loftmengum og bílaumferð. Þá ber þess sérstaklega að geta að gjaldfrjálssar almenningssamgöngur voru meðal þeirra atriða sem þingfulltrúar á fyrsta barnaþingi umboðsmanns barna lögðu sérstaka áherslu á árið 2019.

Umboðsmaður barna vísar til þess sem fram kemur í eigendastefnu Strætó bs, um að „fyrirtækið vilji rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni og að starfsemin gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu“. Þá segir þar einnig að „Þjónustusýn Strætó bs. byggist á því að íbúar kjósi að komast leiðar sinnar með strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.“ Með hliðsjón af framgreindu vísar umboðsmaður til þess að á sama tíma og árskort fyrir ungmenni voru hækkuð um 60%, lækkar Strætó bs. mánaðargjöld fyrir fullorðna, en auk þess er ljóst af nýrri gjaldskrá að nemar 18 ára og eldri sem og öryrkjar og aldraðir, greiða ýmist sama gjald og ungmenni fyrir árskort eða jafnvel

lægra gjald. Þó full ástæða sé til þess að niðurgreiða þessa mikilvægu þjónustu fyrir umrædda hópa, ber til þess að líta að í þeim hópum eru eingöngu fullorðnir einstaklingar, sem eiga þ.a.l. sjálfstæðan rétt á lágmarksframfærslu og því er óskiljanlegt að börn 12 ára og eldri njóti ekki meiri afsláttar við kaup á árskortum en gjaldskráin gerir ráð fyrir. Sú staðreynd vekur upp áleitnar spurningar um það hvort Strætó bs., ætli sér að ná áðurnefndum markmiðum í eigendastefnunni, um að sjá til þess að þeir sem hafi val um samgöngumáta, velji samt sem áður strætó sem hagkvæman kost, með því að hækka gjöld á árskortum fyrir þann hóp, sem ekki hefur val um að nota einkabíl, þ.e. ungmenni á aldrinum 12 til 17 ára.

Til umboðsmanns barna hafa leitað foreldrar vegna málsins, en embættinu barst t.a.m. ábending frá foreldri sem jafnframt er öryrki, og er með þrjú ungmenni á framfæri. Var embættinu bent á þá staðreynd að fyrir þrjú árskort í strætó fyrir ungmenni, þarf viðkomandi foreldri að reiða af hendi 120.000 kr., sem er óviðráðanlegt og ljóst er að margir foreldrar eru í sömu stöðu, ekki síst einstæðir foreldrar, foreldrar í láglaunastörfum g foreldrar utan vinnumarkaðar. Þá er einnig ljóst að í þó nokkrum tilvikum eru það ungmennin sjálf sem þurfa að standa straum af kostnaði vegna strætóferða og því mun umrædd hækkun koma sér afar illa fyrir þann hóp, sem mun því verða af ýmsum tækifærum og hafa minni möguleika til að stunda nám, tómstundastarf og eiga í félagslegum samskiptum. Sú staðreynd að Strætó bs., mun framvegis bjóða upp ungmennum upp á þann möguleika að kaupa mánaðarkort breytir litlu þar um, enda munu þau kort kosta 4.000 kr.

Eigendur Strætó bs. eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Sveitarfélög eru opinberir aðilar og ber því að virða og innleiða ákvæði Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, samkvæmt ákvæðum samnefndra laga, nr. 19/2013. Meðal þess sem sáttmálinn gerir kröfu um, er að allar ákvarðanir sem varða börn, byggji á því sem þeim er fyrir bestu, að undangengnu mati á bestu hagsmunum þeirra og áhrifum þeirrar ákvörðunar sem til stendur að taka hverju sinni. Þá gerir önnur meginregla Barnasáttmálans kröfu um að öll börn njóti réttinda Barnasáttmálans, án mismununar af nokkru tagi eða tillits til félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu foreldra þeirra.

Með hliðsjón af því, óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum stjórnar og framkvæmdastjóra Strætó bs., um það, hvornig stjórn og framkvæmdastjóri telja umrædda hækkun samræmast bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu og einnig óskar

umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort og þá hvernig mat hefur verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snertir hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður.

Umboðsmaður barna óskar einnig eftir skýringum stjórnar Strætó bs. á því hvernig stjórnarmenn sem þar sitja sem fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu við börn í sveitarfélögum sem samkvæmt yfirlýsingum umræddra sveitarfélaga eru barnvæn. Ber hér sérstaklega til þess að líta að umrædd sveitarfélög hafa nú þegar fengið formlega viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög eða eru í slíku viðurkenningarferli.

Þá skal sérstaklega tekið fram að samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna